

Ed.

505. Frumvarp til laga

[180. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. marz.)

Samhljóða þskj. 315 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náð samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

28. gr. hljóðar svo:

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

37. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 63 frá 21. júní 1957.